

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Loðnulýsi, \$ 430.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðibili.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 305.60.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. september 1978.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

4. september 1978.

Nr. 327.

## REGLUGERÐ

### um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

#### 1. gr.

Lágmarksstærð möskva í a. m. k. 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu en í 1. mgr. greinir skal vera 135 mm.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

- A. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvisandi frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., í stað 64°53'0 n.br., 25°15'0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvisandi stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°15'0 v.lgd., þaðan í stað 63°06'0 n.br., 18°00'0 v.lgd. síðan í 65° réttvisandi að 10°00'0 v.lgd. og þaðan 90° réttvisandi út af mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- B. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'0 v.lgd. og 21°00'0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómíliur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

#### 3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

#### 4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera:

- A. Á tveggja byrða vörpum skal lágmarksmöskvastærð vængja og miðnets vera 55 mm, en 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.

B. Á vörpum, sem hafa fjögur eða fleiri byrði skal lágmarksmöskvastærð vængja, aftur að fremsta horni efra byrðis vera 45 mm en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

**5. gr.**

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

**6. gr.**

Pegar möskvi er mældur, skal hann tegður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

**7. gr.**

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal heimilt:

- A. Að festa undir öftustu 18 metra botnvörpu net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við vörpuna.
- B. Að festa styrktarnei úr sama efni og varpan er gerð úr við 8 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar, sem styrktarnetið er fest við, og skal styrktarnetið fest við vörpuna að framan, á hliðunum og að aftan þannig, að hver möskvi styrktarnetsins falli saman við fjóra möskva vörpunnar.
- C. Að nota þenslugjarðir á öftustu 9 metra botnvörpu og öftustu 18 metra flotvörpu. Bil milli gjarða skal vera minnst 1.80 metri og skal lengd gjarða vera eigi styttri en helmingur af strengdri lengd netsins á þeim stað, sem gjörðin er.

**8. gr.**

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka utan um pokann sjálfann. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

**9. gr.**

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

**10. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða samkvæmt 2. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

**11. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 20. september 1978, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er feld úr gildi reglugerð nr. 290 8. júlí 1976, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. september 1978.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*